

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 3. júní 2016 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarráði 28. apríl 2016.

Í breytingunni felst að íbúðum á Kirkjusandi (miðsvæði M6b, reitur 27) er fjölgað úr 150 í 300. Jafnframt er magn atvinnuhúsnæðis minnkað úr 65.000 m² í 50.000 m². Heildarbyggingarmagn á svæðinu breytist ekki.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 3. júní 2016.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.